

Ágrip

Í ritgerð þessari er greint frá rannsókn sem beindist að bekkjarstarfi byggðu á málheildarhyggju. Gerð var eigindleg rannsókn í 5. bekk íslensks grunnskóla og leitast við að svara tveimur spurningum:

- Hvað einkennir starf í kennslustofu þar sem kennt er samkvæmt málheildarhyggju?
- Hvernig tileinkar kennari sér starfshætti málheildarhyggju?

Helstu niðurstöður um einkenni starfs í kennslustofu þar sem kennt er samkvæmt málheildarhyggju voru þær að þar var rólegt og jákvætt andrúmsloft, jákvæð samskipti og glaðir og ánægðir nemendur. Kennarinn leitaðist við að vekja áhuga nemenda á viðfangsefnum og að tryggja síðan að þeir fengju næg tækifæri til skapandi úrvinnslu. Kennarinn var duglegur að hrósa, hvetja og styðja við nemendur og þeir virtust sjálföruggir og óhræddir við að gera mistök. Kennslustofan var hefðbundin hvað varðar búnað en skipulögð með það í huga að styðja sem best við kennsluhætti sem fólu bæði í sér mikla hreyfingu og samvinnu nemenda.

Varðandi það hvernig kennari tileinkar sér starfshætti málheildarhyggju kom í ljós að viðhorf og gildismat skipta höfuðmáli. Mikilvægt er fyrir kennarann að kynna sér hugmyndafræðina vel með því að lesa bækur og fá að fylgjast með raunverulegu starfi byggðu á málheildarhyggju ef þess er nokkur kostur. Þegar kennari er orðinn sannfærður um að málheildarhyggja samræmist viðhorfum hans og hefur kynnt sér mögulegar útfærslur hugmyndafræðinnar í skólastarfi er æskilegt að hann fari hægt og rólega af stað og gott getur verið að byrja á að gera tilraun í eina viku.

Túlkun á niðurstöðum er á þá leið að starfið í kennslustofunni einkenndist af samvinnu og stuðningi í anda félagslegrar hugsmíðahyggju og að barnið og nám þess var í fyrirrúmi. Kennarinn var meðvitaður um að hann gæti auðveldað nám nemenda en ekki stýrt því og hagaði starfi sínu í samræmi við það. Þó mikilvægt sé að umhverfið styðji við kennsluhættina er viðhorf kennarans þó enn mikilvægara. Kennari tileinkar sér þess vegna starfshætti málheildarhyggju fyrst og fremst með því að tileinka sér það viðhorf sem liggur til grundvallar hugmyndafræðinni og afla sér þekkingar og reynslu á framkvæmd hennar.

Abstract

This dissertation describes a research on classroom work based on whole language theories. A qualitative research was carried out in a 5th grade classroom in an Icelandic primary school and two questions were presented:

- What are the main characteristics of classwork in a whole language classroom?
- How does a teacher become a whole language teacher?

The main results show that the characteristics of work in a whole language classroom are a calm and positive atmosphere, positive interactions and happy and content students. The teacher sought to raise students' interest in the subjects and then ensure that they received ample opportunities to work creatively. The teacher frequently praised, encouraged and supported the students, and they seemed confident and unafraid of making mistakes. The classroom equipment was conventional but organized in a way that promoted the teaching practice which involves much movement of the students and cooperation between them.

Regarding the question of how a teacher becomes a whole language teacher, the main results show that the teachers' views and values are vitally important. It is essential that the teacher becomes familiar with the theory of whole language through reading and observes whole language in practice if he possibly can. When a teacher has decided that whole language agrees with his views, and has examined ways of realizing the theory in the classroom, then he should move forward slowly, perhaps starting with a one week experiment.

Interpretations of the findings relate that cooperation and support characterized work in the classroom, much in accordance with the theories of social constructivism, and that the child and its learning seemed to be the focal point. The teacher was aware of the fact that he could facilitate the students' learning but not control it, and he conducted his work accordingly. Although it is important that the environment supports the teaching practice, the views of the teacher are even more important. A teacher becomes a whole language teacher by accepting the views that are underlying in whole language theory, and by acquiring knowledge and experience of the theory.